

Ed.

136. Nefndarálit

[41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1944, um breyt. á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og tefur verið prentað upp á þskj. 107. Átti formaður n. og Gísli Jónsson tal við Lúðvík Norðdal héraðslækni, Selfossi, sem lét þess getið, að ekki hefði verið leitað til sín um undirbúning málsins og að hann vildi ekki mæla með frv.

Nefndin telur þó rétt að verða við óskum vesturhreppa Árnessýslu um sérstakt læknishérað og leggur því til, að frv. verði samþykkt og afgreiðslu þess hraðað, svo að það geti orðið að lögum 1. janúar 1950.

Fyrir n. lá vélrituð brtt. frá 1. þ. m. N.-M. og uppkast að annarri brtt., sem landlæknir telur þurfa, ef brtt. þm. yrði samþykkt.

Nefndin vill ekki tefja afgreiðslu málsins og leggur því ekki með því, að breytingartill. verði samþykktar.

Alþingi, 19. des. 1949.

Haraldur Guðmundsson,
form., frsm.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
fundaskrifari.

Gísli Jónsson.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Lárus Jóhannesson.